

## AUGLÝSING

### um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tyrklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tyrklands tók á árinu 2001 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Tyrklands frá 10. desember 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1992, 58/1995, 38/1998, 34/1999 og 44/2000, og öðlaðist hún gildi sem hér segir:

| Nr.    | Dags.      | Efni               | Gildistaka |
|--------|------------|--------------------|------------|
| 1/2001 | 14.06.2001 | Breyting á bókun A | 01.07.2001 |

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árinu 2000.

Sameiginlega EES-nefndin tók 114 ákvarðanir á árinu 2000 um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, þar sem samningurinn er birtur, 29/1996, 37/1997, 42/1998, 36/1999, 37/1999, 46/2000 og 47/2000. Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2001.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*